

**Tillögur og greinargerðir vegna fundar ungmenna
með Borgarstjórn Reykjavíkur
27. febrúar 2024**

1) *Úlfhildur Elísa Hróbjartsdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðbæjar og Hlíða um hækkun launa í Vinnuskóla Reykjavíkur:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að hækka laun unglinga í Vinnuskóla Reykjavíkur frá og með næsta sumri í samræmi við breytingar á launavísitölu frá því að síðasta launahækkun í Vinnuskólanum var gerð.

Greinargerð:

Laun þeirra ungmenna sem starfa í Vinnuskóla Reykjavíkur hafa verið langt undir því sem unglingar fá í öðrum sveitarfélögum fyrir sambærileg störf. Það er kallað eftir því að unglingum sé ekki mismunað eftir því hvar þeir búa, jafnræði sé tryggt og að laun í Vinnuskólanum fylgi launapróun í landinu.

2) *Snæ Humadóttir, fulltrúi í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að tryggja starfsemi Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki nægjanlegt fjármagn til að tryggja starfsemi Hinsegin félagsmiðstöðvar þannig að hún verði föst félagsmiðstöð í stað þess að vera sértækt verkefni sem fær styrki til að starfa.

Greinargerð:

Starf Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar er mikilvægt vegna þess að hún er staður þar sem ungmenni fá að kynnst öðrum eins og þeim og tengjast. Það er mikilvægt að þekkja einhvern eins og mann sjálfan til að finna ekki fyrir einmanaleika eins og mörg upplifa og þangað koma margir krakkar í hverri viku. Það þarf þess vegna að gera Hinsegin félagsmiðstöðina að fastri félagsmiðstöð en hafa hana ekki sem sértækt verkefni sem fær styrki til að starfa.

3) *Andrea Sæmundsdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Breiðholts*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um aukna áherslu á nútíma samfélagsfræði í grunnskólum:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að gera nauðsynlegar breytingar til að grunnskólar leggi meiri áherslu á nútíma samfélagsfræði í grunnskólum og þar með umfjöllun um það það sem er að gerast í samfélaginu hverju sinni frá og með hausti 2024.

Greinargerð:

Öruggt er að segja að samfélagið er mikilvægur hluti af lífi allra. Af mörgum fullorðnum er ætlast til að ungmenni viti mikið um það sem er í gangi í heiminum en ekki er mikið rætt um það í grunnskólum. Að okkar mati ætti að vera a.m.k. einn tími í viku tileinkaður samræðum um það sem er í gangi í heiminum. Þessar samræður geta ýtt undir áhuga nemenda á umheiminum og hvatt þau til að efla sér enn meiri upplýsinga um ástand jarðarinnar.

4) *Eyrún Eva Sigurbjörnsdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Árbæjar og Holta*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um innleiðingu nýrrar strætóleiðar fyrir úthverfi Reykjavíkurborgar:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að beita sér fyrir því að bætt verði við nýrri strætóleið fyrir íbúa Árbæjar, Norðlingaholts og Grafarholts samhliða vinnu við nýja Borgarlínu.

Greinargerð:

Ungmennni í úthverfum Árbæjar og Holta eru orðin langþreytt á afskiptaleysi Strætó og þeirra fáu strætóleiða í ört stækkandi hverfum. Ungmennaráð Árbæjar og Holta gerði rannsókn þar sem ungmenni í 8.-10. bekk tóku þátt og sögðu yfir 90% af þeim að þeir myndu nýta sér strætóleið sem gengi frá Mosfellsbæ til Mjóddar með stoppistöðvum í Grafarholti, Úlfarsárdal, Grafarvogi, Árbæ, Norðlingaholti og Breiðholti.

5) *Karen Hrannarsdóttir, fulltrúi ungmennaráðs Laugardals, Bústaða og Háaleitis*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis um tvær kvöldopnanir á viku í sértæku félagsmiðstöðinni Öskju

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að vinna tillögu að breytingu á opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar Öskju þannig að hægt sé að vera með tvær kvöldopnanir vikulega frá og með hausti 2024.

Greinargerð:

Askja er félagsmiðstöð fyrir nemendur á unglíngastigi í Klettaskóla og hún er með kvöldopnun einu sinni í viku á miðvikudögum kl. 19:00 til 21:00. Meðaltalsmæting ungmenna á kvöldopnanir á síðasta ári var um 50% sem sýnir fram á mikinn áhuga. Í dag er fjármagn fyrir kvöldopnanir í Öskju dregið frá úthlutaðri yfirvinnu starfsmanna og því í raun ekkert úthlutað sérstöku fjármagni fyrir kvöldopnanir. Því er lagt til að félagsmiðstöðin Askja geti haft kvöldopnanir tvisvar í viku kl. 19:00 til 21:00 og að fjármagn sem úthlutað er nú þegar verði endurskoðað í ljósi mætingarhlutfalls og áhuga.

6) *Jökull Logi Sigurjónsson, fulltrúi í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis um að lengja opnunartíma í félagsmiðstöðvum og aukið samráð við ungmenni:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að lengja kvöldopnunartíma í félagsmiðstöðvum frá 1. janúar 2025 og að viðhafa samráð við ungmennaráð framvegis þegar kemur að breytingum sem varða frístundastarf unglínga.

Greinargerð:

Ungmennaráðið leggur til að opnunartímar félagsmiðstöðva á kvöldin verði aftur lengdur um korter alla virka daga frá kl. 21:45 til 22:00 á kvöldin. Auk þess að opnunartími allra félagsmiðstöðva á föstudagskvöldum verði til 22:30. Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata um styttingu opnunartíma félagsmiðstöðva var samþykkt á fundi skóla og frístundaráðs 11. maí 2023 til þess að hagræða í starfi félagsmiðstöðva. Hinsvegar var þessi ákvörðun ekki tekin í samráði við ungmenni eða ungmennaráð og áætlaður sparnaður var nokkuð rýr. Tillagan er þess eðlis að þessi ákvörðun verði tekin tilbaka auk þess að opnunartími verði lengdur á föstudögum.

7) *Sóley Mjöll Ásgeirsdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Kjalarness*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um aukna tíðni strætóferða til og frá Kjalarnesi:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að beita sér fyrir því að tíðni strætóferða til og frá Kjalarnesi verði að minnsta kosti á klukkustundar fresti og að viðeigandi aðstaða sé á stoppistöðvum á akstursleiðinni.

Greinargerð:

Strætósamgöngur með a.m.k. einnar klukkustundar millibili eru að okkar mati lágmarkskröfur fyrir nothæfar almenningssamgöngur. Á Kjalarnesi eru allt að fjórar klukkustundir á milli strætóferða sem gerir það að verkum að oft eru ekki hentugar strætóferðir í boði. Annað sem er ábótavant er skortur á strætóskýlum og strætóstoppistöðvum á akstursleiðinni til og frá Kjalarnesi. Það er því ekki hjá því komist að einkabíllinn sé mikið á ferðinni með tilheyrandi mengun og umferðarálagi. Aukin tíðni og betri aðstaða myndi hvetja til notkunar á strætó, ýta verulega undir sjálfstæði ungmenna á svæðinu og möguleika þeirra til tómsunda- og íþróttaiðkunar.